

Seðlabanki Íslands  
Gjaldeyriseftirlit  
Kalkofnsvegi 1,  
150 Reykjavík

Reykjavík 4. apríl 2012  
**ÁRIÐANDI!**

### Efni: Húsleit og haldlagning gagna hjá Samherja hf. og tengdum félögum

Hinn 27. mars sl. og dagana þar á eftir fór fram húsleit, haldlagning gagna og afritun gagna hjá Samherja hf. og tengdum félögum samkvæmt úrskurðum héraðsdóms Reykjavíkur í málunum nr. R-166/2012 og R-167/2012, að kröfu Seðlabanka Íslands. Stendur afritun tölvugagna raunar enn yfir, svo ótrúlega sem það kann að hljóma. Þrátt fyrir ítrekaðar kröfur húsleitar- og haldlagningarþola, á vettvangi og eftir að leit og haldlagningu lauk, um að upplýst verði hvaða háttsemi það er nákvæmlega sem Samherji hf. og tengd félög eru talin hafa gerst sek um, hafa enn engin svör borist. Forsvarsmenn Samherja hf. og tengdra félaga kannast ekki við að hafa á neinn hátt brotið gjaldeyrislöggjöfina og hafa meira að segja verið í góðu sambandi og samstarfi við Seðlabanka Íslands um þau mál frá því gjaldeyrishöftin voru lögð á, án þess að hafa fengið neinar athugasemdir um verklagið.


Með því að forsvarsmönnum félaganna er haldið í myrkrinu um hvað það er sem talið er að rangt hafi verið gert, er ljóst að öll viðskipti samsteypunnar eru í uppnámi þar sem forsvarsmenn félaganna vilja ekki og ætla ekki að taka áhættu á því að brjóta lög. Fyrir liggur að ef viðskipti samsteypunnar er snerta gjaldeyrislöggjöfina stöðvast vegna þessa munu félögin verða fyrir fjártjóni sem hæglega getur numið tugum milljarða króna.

Með vísan til þessa er hér enn og aftur ítrekuð krafa um að gjaldeyriseftirlit Seðlabanka Íslands upplýsi þegar í stað hvað það er sem Samherji hf. og tengd félög eru talin hafa gert af sér bannig að taka megi tillit til þess við rekstur félaganna og forða því að sölustarfsemi leggist af.

Það eru grundvallarmannréttindi að þeir sem eru grunaðir um lögbrot fái upplýsingar um hvert sakarefni það er sem þeir eru grunaðir um. Vísast hér m.a. til 6. gr. laga nr. 62/1994, um mannréttindasáttmála Evrópu. Þó enginn hafi verið formlega yfirheyrður enn í sambandi við ofangreint mál er ljóst að hinar íþyngjandi rannsóknarheimildir fengust vegna gruns um brot á gjaldeyrislöggjöfinni. Er því útilokað að Samherji hf. og tengd félög geti búið við að fá ekki upplýsingar um hvert sakarefnið er nákvæmlega, sérstaklega þegar fyrir liggur yfirvofandi tjón af þessum sökum.

Húsleitar- og haldlagningarþolar áskilja sér allan rétt til að heimta skaðabætur úr hendi Seðlabanka Íslands vegna þess tjóns sem félögin hafa orðið fyrir og munu verða fyrir vegna þessa máls.

Virðingarfyllt



Helgi Jóhannesson, hrl.